

Alþingi  
Erindi nr. Þ 132/76  
komudagur 18.11.2005



Alþingi  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.stjr.is  
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 16. nóvember 2005  
Tilv.: FJR05110015/001-9

Ráðuneytið vísar til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 4. nóvember, þar sem ráðuneytinu er sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum. Frumvarpið er á þingskjali 18 - 18. mál.

Í fyrstu grein frumvarpsins er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Málsliðurinn er svohljóðandi: „*Hafi verið staðin skil á hluta fjárhæðar réttilega tilgreindrar staðgreiðslu samkvæmt skilgrein staðgreiðslu skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum*“. Í annarri grein frumvarpsins er efnislega um samsvarandi ákvæði að ræða til breytinga á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.


Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur fram að frumvarpið feli í sér að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum, sem nú eru að lágmarki tvöföld vangoldin skattfjárhæð, eigi ekki við þegar vanskil á vörslufé stafar af greiðsluerfiðleikum gjaldanda, þ.e. þegar gjaldandi hefur skilað réttri skilgrein á réttum tíma, þannig að ekki sé um að ræða tilraun til undanskots, og vanskil hafi verið gerð upp áður en til ákvörðunar refsingar kemur. Áfram segir í frumvarpinu að í slíkum tilvikum ráði mat dómara þyngd refsingar, sem getur þá verið allt að tíföld, þó að ekkert lögbundið lágmark verði til staðar.

Það er mat ráðuneytisins þegar borin eru saman ákvæði frumvarpsins og athugasemdir í greinargerð að vafi leiki á til hvaða skattalagabrota ákvæðunum er ætlað að ná. Telur ráðuneytið með tillitit til sjónarmiða um skýrleika refsheimilda sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar að ákvæði frumvarpsins séu tæpast nægilega skýr og kunni ekki að ná tilgangi sínum eins og honum er lýst í athugasemdum með frumvarpinu. Þannig telur ráðuneytið að orðalag ákvæðisins sé töluvert víðtækara en að sé stefnt og muni þar af leiðandi verða beitt í fleiri tilvikum en beinlínis er ætlast til. Telur ráðuneytið að á það skorti að málsliður ákvæðisins verði afmarkaður við brot þegar um vanskil á vörslufé er að ræða sem stafar af greiðsluerfiðleikum gjaldanda sbr. greinargerð frumvarpsins. Það geti ekki verið ætlunin að ákvæðin nái til allra mála þar sem ekki hefur verið staðið skil á vörslufé, líkt og ráða

má af ákvæðunum. Telur ráðuneytið með tilliti til greinargerðar að markmið breytingatillagnanna sé að afnema refsilágmarkið einungis í þeim tilvikum þegar brot einskorðast við vanskil.

Ráðuneytið telur frumvarpið til bóta en telur brýnt ef það er ætlun löggjafans að breyta lagaákvæðum í samræmi við ummæli í greinargerð að það komi skýrt fram í lagatextanum að afnám refsilágmarksins einskorðist við vanskil á staðgreiðslu, eða eftir atvikum við vanskil á virðisaukaskatti.

Fyrir hönd ráðherra



Ragnheiður Snorradóttir



Guðmundur Thorlacius